

Nd.

597. Breytingartillögur

[176. mál]

við frv. til 1. um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ, JK).

1. Við 3. gr. — a-liður greinarinnar orðist svo:
2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar samkv. fjárlögum næstliðins árs.
2. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skal þegar eftir gildistöku laga þessara gera með aðstoð Efnahagsstofnunar ríkisins bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndi- aðstoð við byggðarlög eða byggðarluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði, eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema þeim komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, enda séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Leitað skal — eftir því sem við á og þurfa þykir — álits Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands um úrræði á hverjum stað.

Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er stjórn sjóðsins heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968. Framlöggin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðstjórnin setur um notkun þeirra.